

Mánudaginn 22. maí 1944.

Nr. 100/1941. **Olíusamlag Vestmannaeyja** (Eggert Claessen)
gegn

**Magnúsi Thorlacius f. h. Eagle Oil Company
of New York, G. m. b. H. (M. Thorlacius).**

Mál til riftunar samnings vegna galla á vöru og skaðabóta.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður. Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. nóv. 1941. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, honum heimilað að skila aftur vöru þeirri, er í málinu greinir, og niður felld skylda hans til greiðslu kaupverðs hennar ásamt kostnaði samkvæmt vixildómi frá 14. okt. 1939. Svo krefst hann og skaðabóta úr hendi stefnda, kr. 1474.14. Til vara krefst áfrýjandi afsláttar af kaupverði eftir mati dómsins.

Þá krefst hann þess og, að staðfest verði kyrrsetningargerð sú, er fram fór í fúgetarétti Reykjavíkur 5. marz 1940 og í héraðsdómi getur. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hafði með kæru 19. nóv. 1941 skotið til hæstaréttar málskostnaðarákvæði héraðsdómsins, en kærumálinu var frestað með úrskurði hæstaréttar 19. des. s. á., og er það nú sameinað máli þessu. Krefst stefndi þess, að héraðsdómur verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það verður að teljast sannað með staðfestum skýrslum margra vélamanna á vélbátum í Vestmannaeyjum, að smurningsolia sú, sem hið stefnda félag seldi áfrýjanda, og önnur samkynja olía, er það seldi til Vestmannaeyja um sama leyti og kaup aðilja gerðust, hafi reynzt óhæf á bátavélar. Umboðsmaður hins stefnda félags í Vestmannaeyjum, Óskar Sigurðsson, er hafði milligöngu um sölu vör-

unnar, hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi tjáð kaupendum, að oliur stefnda jöfnuðust að gæðum við oliur frá Vacuum Oil Company, sem kaupendurnir þekktu og höfðu notað. Kveðst umboðsmaðurinn þar hafa farið eftir bréfum frá umboðsmanni félagsins í Noregi, von Krogh. Má og sjá á bréfum frá von Krogh, dags. 14. okt., 2. og 25. nóv. 1938, að hann hefur fullyrt þetta. Þá voru og merkin á olium hins stefnda félags þannig úr garði gerð, að menn gátu villzt á þeim og merkjum Vacuum Oil Company.

Þegar er áfrýjandi varð var við gallana á vörunni, kvartaði hann undan þeim við umboðsmann hins stefnda félags, Óskar Sigurðsson. Kveðst umboðsmaðurinn hafa tilkynnt von Krogh þá þegar kvartanir þessar, en því er mótmælt af hálfu stefnda. Þann 29. júní 1939 kvartar áfrýjandi í bréfi, er hann ritaði von Krogh, undan göllum vörunnar.

Telja verður, að áfrýjanda hafi verið heimilt að bera umkvörtun sína upp við Óskar Sigurðsson, er hafði einkaumboð í Vestmannaeyjum fyrir hið stefnda félag. Auk þess var hegðun hins stefnda félags, sú sem að framan er lýst, slík, að það gat ekki borið drátt á kvörtun fyrir sig, sbr. 53. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt framansögðu verður að taka til greina kröfu áfrýjanda um riftun kaupsins, staðfestingu kyrrsetningargerðar og niðurfall skyldu hans til greiðslu fjárhæða samkvæmt vixildómi 14. okt. 1939, að undanskildum bankakostnaði, kr. 13.10, og málskostnaði í vixilmálinu, kr. 451.00. Þá ber og að taka til greina bóta-kröfu áfrýjanda, að því er varðar greiddan toll, kr. 189.15, greidd hafnargjöld, kr. 30.20, og málskostnað í kyrrsetningarmálinu, kr. 149.00, eða alls kr. 368.35. Ekki er sannað, að áfrýjandi hafi beðið frekara tjón.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1200.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjanda, Oliusamlagi Vestmannaeyja, er heimil riftun á kaupum þeim, er í málinu greinir, kyrrsetningargerð 5. marz 1940 staðfestist, og niður fellur

skylda áfrýjanda til greiðslu fjárhæða samkvæmt víxildómi 14. okt. 1939, að undanskildum bankakostnaði, kr. 13.10, og málskostnaði, kr. 451.00.

Stefndi, Magnús Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York, G. m. b. H., greiði áfrýjanda kr. 368.35, svo og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. nóv. 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. marz 1940 af Oliusamlagi Vestmannaeyja Vestmannaeyjum gegn Magnúsi Thorlacius hdm. hér í bæ, f. h. Eagle Oil Company of New Yrk G. m. b. H. í Hamburg. Gerir stefnandi þær réttarkröfur *aðallega*, að kaup á oliu, er stefnandi fékk frá umbjóðanda stefnds og síðar verður vikið að, verði felld úr gildi, og seljandi láti af hendi dóm í bæjarþingsmálinu nr. 244/1939 kvittaðan og greiði Oliusamlaginu bætur fyrir tapaðan ágóða og útlagðan kostnað, ekki minna en kr. 1474.14, gegn afhendingu vörunnar, en *til vara*, að kaupandi fái afslátt af kaupverði vegna galla á vörunni eftir mati réttarins og verði sá afsláttur dreginn frá víxilupphæðinni eða dómsupphæðinni, og enn fremur bætur fyrir ágóðatap og útlagðan kostnað eftir mati réttarins. Enn fremur er krafizt staðfestingar á löghaldsgerð, er stefnandi lét fram fara hjá stefndum þann 5. marz 1940, og loks er krafizt málskostnaðar eftir reikningi eða mati réttarins.

Stefndur krefst þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, *til vara* krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar krefst hann, hvernig sem málið fer. Einnig krefst hann þess, að fyrrgreind löghaldsgerð verði felld úr gildi.

Málavextir eru þeir, að frá hausti 1938 til hausts 1939 var Óskar Sigurðsson í Vestmannaeyjum umboðsmaður þar fyrir von Krogh í Hundrop í Noregi, en sá maður var einkasali í Noregi fyrir Eagle Oil Company of New York G. m. b. H. Hamburg. Hafði Óskar leyfi til þess að taka upp pantanir fyrir von Krogh og senda út „á þann hátt, sem vant er um slíka umboðsmenn“. Haustið 1938 bauð nefndur Óskar stefnanda til sölu smurningsoliur frá fyrrgreindu félagi, og var verðið miklu lægra en á öðrum smurningsolium, er voru til sölu í Vestmannaeyjum á þessum tíma. Þannig kostaði svonefnd H-olía frá Vacum Oil Co. kr. 0.90 ÷ 10%

hvert kg, en H-olia frá umbjóðanda stefnds kostaði kr. 0.60—0.62 hvert kg. Þrátt fyrir þennan verðmismun kveðst Óskar hafa sagt stefnanda, að oliur þessar væru eins góðar og Vacuum-oliur, og hafi hann byggt þær upplýsingar á bréfum frá nefndum von Krogh, enda hafi og stefnandi séð bréf þessi áður en kaupin voru gerð, en umrædd pöntun stefnanda virðist hafa farið fram þann 20. okt. 1938. — Skv. þeim bréfum, er fyrir liggja í málinu, virðist stefnandi þó ekki hafa getað séð þessi bréf frá von Krogh, áður en hann gerði pöntunina, því að fyrsta bréfið frá Krogh (dags. 14. okt. 1938, sem svar við bréfi Óskars frá 1. s. m.) virðist ekki hafa verið komið í hendur Óskars þann 21. okt., er hann skrifar Krogh og greinir frá pöntunum þeim, er hann hafi tekið við.

Pöntun stefnanda hljóðaði um 952 kg netto af „Enco Oil P. 976“, 1511 kg netto af „Enco Oil P. 978“ og 2251 kg netto af „Motor Oil H“. Andvirði oliunnar, ásamt váttryggingu, nam U. S. A. \$ 533.82, og þann 31. des. 1938 gaf Krogh út vixil fyrir þeirri upphæð, og mun stefnandi hafa samþykkt vixilinn þann 17. jan. 1939, er hann veitti vörunum móttöku, og var gjalddagi vixilsins þann 31. marz s. á. Vixillinn var ekki greiddur í gjalddaga, og með stefnu útgefni 1. ágúst 1939 höfðaði stefndur mál gegn stefnanda til greiðslu vixils þessa. Í því máli hafði stefnandi þessa máls uppi þær varnir og byggði sýknukröfu á þeim, að félagið hefði verið blekktil að samþykkja hinn umstefnda vixil, enda hafi olian verið mjög gölluð og verri en lofað hafi verið. Þessar varnir voru ekki, gegn andmælum stefnds, teknar til greina í vixilmálinu, og urðu úrslit þess þau, að Olíusamlagið var dæmt til að greiða stefndum \$ 533.82 með 6% ársvöxtum frá 31. marz 1939 til griðsludags, $\frac{1}{3}\%$ upphæðarinnar í þóknun, kr. 13.10 í afsagnarkostnað o. fl. og kr. 451.00 í málskostnað. En með því að stefnandi taldi sig eiga kröfur á hendur stefndum út af þessum viðskiptum, lét Olíusamlagið gera löghald í nefndri dómkröfu þann 5. marz 1940 og hefur síðan höfðað mál þetta til staðfestingar löghaldsgerðinni, auk þess sem gerðar eru áðurgreindar dómkröfur.

Frávisunarkröfu sína byggir stefndur í fyrsta lagi á því, að með málssókn þessari sé verið að fá sama dómstólinn til að hrinda fyrri dómi sínum (þ. e. dóminum í áðurgreindu vixilmáli), og sé þannig verið að fara í kringum reglurnar um áfrýjun. — Ekki verður á þetta fallið, þar sem í lögum er beinlínis gert ráð fyrir, að varnaraðili í vixilmáli, sem ekki fær komið að vörnum þar, geti í öðru almennum máli fyrir sama eða hliðsettum dómstóli komið fram með varnarástæður þessar, eins og stefnandi gerir hér.

Þá hefur stefndur og talið það eiga að varða frávisun málsins, að aðalkrafa stefnanda sé ólögleg (sbr. 209. gr. einkamálalaganna). — Að áliti réttarins þykir það þó snerta efnishlið málsins, hvort

Þessi krafa hafi við lög að styðjast eða ekki, og geti þetta atriði því ekki valdið frávísun.

Stefnandi hefur fyrst og fremst byggt málssókn sína á því, að félagið hafi verið beitt þeim svikum í viðskiptum þessum, að samningur aðiljanna sé af þeim sökum ógildur. Í fyrsta lagi hafi heiti hins stefnda félags gefið til kynna, að hér væri um amerískt fyrirtæki að ræða, og því til frekari stuðnings hafi það verið, að ábyrgzt var, að um „100% Pensylvania“ olíu væri að ræða, og olían hafi átt að greiðast í Bandaríkjadollurum. Nú hafi það komið í ljós, að hér sé um þýzkt firma að ræða, sem ekkert eigi sameiginlegt með New York, nema rangfengið nafn, enda sé olían og þýzkt.

Það verður að fallast á, að stefnandi hafi haft nokkra ástæðu til að ætla, að umrætt félag væri amerískt, þegar tekið er tillit til heitis þess, svo og myntar þeirrar, er varan skyldi greidd með. Nú má það að visu teljast upplýst, að félag þetta sé að verulegu leyti þýzkt, en hins vegar er það ekki, gegn mótmælum stefnds, sannað, að sú yfirlýsing af hálfu umbjóðanda hans, að hér væru um 100% Pensylvania olíu að ræða, sé röng. — Þótt það hafi þannig komið í ljós, að hér sé um þýzkt félag að ræða, en ekki amerískt, þá þykir það út af fyrir sig ekki geta valdið ógildingu samningsins, þar sem þetta atriði getur ekki talizt hafa skipt verulegu máli um samningsgerðina, heldur virðist áherzla hafa verið lögð á hitt, að hér væri um góða vöru að ræða og sambærilega við þá, er tíðk-azt hafði, hvaðan svo sem hún kæmi. Það verður og ekki séð, að stefnandi hafi hreyft neinum athugasemdum út af þessu atriði þegar er samlaginu hlaut að vera þetta kunnugt.

Í öðru lagi telur stefnandi, að umboðsmaður hins stefnda félags, Óskar Sigurðsson, svo og fyrrnefndur von Krogh, í áður nefndum bréfum hafi gefið rangar upplýsingar um gæði oliunnar, þar sem þeir hafi staðhæft, að hún væri jafn góð og sams konar olía frá Vacuum Oil Co., en svo hafi það komið í ljós, að olían sé alls ekki sambærileg að gæðum og með öllu ónothæf.

Stefndur mótmælir því eindregið, að rangar upplýsingar hafi verið gefnar af hálfu umbjóðanda síns, enda sé og ósannað, að olían sé ónothæf eða gölluð. — Þess er þegar getið, að ekki verður séð, að umsagnir von Kroghs um vöruna hafi legið fyrir stefnanda, þegar umrædd kaup voru gerð, og verður því ekki talið, að samningurinn hafi getað komizt á þeirra vegna. Umsögnum þeim, sem sölumaðurinn Óskar kann að hafa haft um vöruna, þykir stefnandi hins vegar hafa átt að taka með tilhlýðilegri varúð, og það sérstaklega, þegar þess er gætt, hversu varan var miklum mun ódýrari en olían frá Vacuum Oil Co. — En það, sem fyrst og fremst hefur þýðingu um þetta atriði, er, að eins og málið liggur fyrir, ekki getur talizt sannað, að umrædd olía hafi verið

svo gölluð, sem stefnandi heldur fram. Eins og þegar er tekið fram, var það þrenns konar olía, sem stefnandi pantaði og fékk hjá hinu stefnda félagi. Því til sönnunar, að þessar oliutegundir hafi verið gallaðar og ónothæfar, hefur stefnandi leitt þrjú vitni, þá Jón Vigfússon, Berg Loftsson og Einar Hannesson, sem allir eru vélstjórar í Vestmannaeyjum. Sá fyrsttaldi ber, að hann hafi á vetrarvertíðinni 1939 notað *Motoroil* H frá hinu stefnda félagi, og hafi sú olía, að hans áliti, verið þess valdandi, að vélin sótaði sig miklu meira en venjulegt var, og einnig telur hann, að olían hafi verið þynnri en olía frá Vacuum Oil Co. Vitnið Bergur skýrir frá sams konar annmörkum, er hann hafi orðið var við, þegar hann notaði oliu *P. 978* frá hinu stefnda félagi, og sama segir vitnið Einar um oliu *P. 976* frá sama félagi. Hér liggur því ekki fyrir lögfull sönnun um það, hver þessara oliutegunda eða þær allar séu svo gallaðar sem stefnandi telur, og þegar af þessari ástæðu er ekki unnt að taka til greina hér að lútandi kröfu stefnanda.

Stefnandi hefur einnig byggt dómkröfur sínar á því, að vegna verulegra galla á oliunni hafi félagið heimild til að rifta samningnum og krefjast skaðabóta af stefndum, enda hafi félagið tilkynnt Óskari Sigurðssyni það strax og gallarnir hafi komið í ljós, að félagið mundi bera þá fyrir sig. — Gegn mótmælum stefnds og með skírskotun til þess, er að framan segir um gögn þau, er fyrir liggja um ásigkomulag oliunnar, þykir þó ekki sannað, svo lögfullt sé, að um slíka galla hafi verið að ræða, að réttlæti kröfu stefnanda, og getur þessi málsástæða því heldur ekki orðið tekin til greina.

Eins og málið liggur nú fyrir, þykir því verða að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, svo og fella framangreinda löghaldsgerð úr gildi, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að mál þetta yrði munnlega flutt, eftir að gagnasöfnun var lokið, stafar af því, að málflutningsmaður og fyrirsvarsmaður hins stefnda félags hefur eigi talið sig hafa haft tíma til að flytja málið fyrr.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind löghaldsgerð er felld úr gildi.

Stefndur, hdm. Magnús Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York G. m. b. H., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Oliusamlags Vestmannaeyja, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.